

**Námsgrein:** Stærðfræði

**Hópur:** 6. - 8. bekkur

**Kennari:** Hrund Teitsdóttir

**Kennsluhættir:** Samkenntla og einstaklingsmiðað nám. Innlagnir og einstaklingsvinna í bland við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hópavinnu, leiki, þrautir og útikennslu. Áhersla á talnaskilning og vönduð vinnubrögð bæði í einstaklings- og hópavinnu.

**Námsmat:** Kannanir eða verkefni við lok hvers kafla. Símat á verkefnum, virkni og áhuga nemenda í kennslustundum. Próf og umsögn í lok hvorrar annar.

**Námsefni:** Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, Stika 3a og 3b nemendabók og æfingahefti, Skali 1a og 1b nemendabók og æfingahefti, ýmis forrit í iPad t.d. Kahoot og Quizlet, stærðfræðiæfingar og efni frá kennara.

**Viðfangsefni / verkefni:**

- Tölur
- Tölfræði og líkur (Excel kennsla)
- Margföldun og deiling
- Rúmfræði
- Mælingar
- Almenn brot og prósent
- Reikningur
- Mynstur og algebra

Í Hríseyjarskóla eru nemendur leiðtogar í eigin námi og því eru hæfniviðmið sem snúa að almennri framkomu og vinnulagi í tímum metin í öllum fögum yfir skólaárið. Markmiðin eru að nemendur:

- Taki ábyrgð á eigin námi og nýti tímann sinn vel í skólanum.
- Virði vinnufrið annarra.
- Vinni með öðrum og sýni jákvæðni í samskiptum.
- Leiti upplýsinga, lesa sér til gagns og vinni sjálfstætt.
- Fari eftir fyrirmælum, sýni vönduð vinnubrögð og skili verkefnum á réttum tíma.

**Hæfniviðmið í stærðfræði:** <https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/haefnividmid/staerdfraedi/staerdfraedi.pdf>